

## Vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bjargslundi 6 og 8

Mosfellsbæ 25. ágúst 2018

Við undirrituð íbúar við Reykjamel 13 gerum athugasemdir við tillögu um breytingu á deiliskipulagi við Bjargslundi 6 og 8

Það hefur verið yfirlýst stefna hjá Mosfellsbæ að halda í sérkenni byggðarinnar - sérstaklega í Reykjahverfi þar sem áhersla hefur verið á að halda í "sveit í borg" í sérkenni hverfisins. Við erum því ekki hlynnt því að breyta skipulögðum einbýlishúsalóðum í fjölbýlishúsalóðir. Við teljum að of þröngt verði ef þessum lóðum verði breytt í parhúsalóðir.

Þessar breytingar munu einnig ganga mjög nærri vatnsverndarsvæði Varmár.

Við skorum á Mosfellsbæ að halda sig við skipulag hverfisins um sveit í borg og rýmri lóðir í þessu hverfi sem og að halda götumynd með byggingum sem falla inn í núverandi götumynd með stærð, útlit og þakhalla í huga. Þessar breytingar myndu vera algerlega úr takti við þau hús sem fyrir eru í hverfinu. Við teljum einnig að hús sem eru allt að 6.6 metrar að hæð myndu skemma heildarsýn og passa sérlega illa inn í umhverfið á þessum stað sem á að heita einn af útivistarparadísnum Mosfellsbæjar sem nágrenni Varmár er.

Þórunn Hlynna Gröndal  
Kristín Valdeira Þóðóttir